



Aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks

Erindi um takmarkað aðgengi að Waldorfskólanum Sólstöfum

Aðbúnaður er nánast hættulegur fyrir börn og foreldra við Sóltún 6, og sérstaklega á milli hjúkrunarheimilisins Sóltúns og Waldorf skólans í Sóltúni 6. Það vantar gangstétt alla þessa leið en götuljósín eru þeim megin á götunni, og nú þegar dimmir gengur maður með börnunum sínum hinum megin í hálfgerðu myrkri þar. Enn fremur sárvantar göngubraut og e- a lýsingu yfir götuna að inngangi skólans, komi maður úr Mánatúninu, sem og lækkun af gangstétt og niður á götu. Það er erfið aðkoma að skólanum ef maður er með barnavagn, kerru, eða barnið á hjóli eða maður sjálfur. Eins eru hreyfihamlaðir foreldrar við leikskólann, sem búa í Mánatúninu, og eiga erfitt með leið.

Þess skal getið að Waldorf skólinn Sólstafir er bæði leikskóli og grunnskóli, og er nýbúið að byggja fallega skólabyggingu, sameina skólann þeim er var í gamla Vesturbænum og stækka skólann verulega. Það þarf að sinna þessari mikilvægu viðbót í hverfið og hvetja barnafólk í Túnunum (sem er sístækkandi hópur) að koma gangandi í skólann.